



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

VIFR2FF05

Kennari	S. Hilmar Guðjónsson - hilmar.gudjonsson@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudaga 09:15 - 09:55	
Námsefni	Kennslubókin: Snjöll skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson. Samantekt úr: Farsæl skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson. Nemendur fá kennslubókina hjá kennara.	
Áfangalýsing	Kennsla áfangans byggist á fyrirlestrum þar sem farið er yfir megin aðferðarfræði fjármálastjórnunar. Farið er í fjármálaútreikninga og dæmi unnin í Excel. Nemendur vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem þeir kynna fyrir öðrum. Fjallað er um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt, s.s. sparnaðarleiðir, fjárhagsáætlanir, vexti, verðtryggingu, ávöxtunarkröfu, skuldabréf, hlutabréf, vísitölur og gengi. Áhersla er lögð á þjálfun í útreikningum. Fjallað er um markað fyrir helstu tegundir verðbréfa og meginatriði er varða mat á margvíslegum fjárfestingarkostum.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Þrjú kaflapróf verða á önninni og tíu tímaverkefni. Til að ná áfanganum þarf að ná að meðaltali 4,5 úr kaflaprófunum en það má taka með eitt fall.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Kaflapróf	60%
	Tímaverkefni	40%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftari en 12 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Ekki hika við að spyrja!	

Grunnpættir menntunar	Í þessum áfanga nýta nemendur sér læsi til að öðlast hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það. Nemendur eru virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þeir nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar og nota og miðlað upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt. Í áfanganum birtist heilbrigði og velferð með því að kennari hugi eftir bestu getu að félagslegri vellíðan nemenda með því að tryggja góð samskipti og öryggi innan hópsins. Í áfanganum er lýðræði haft að leiðarljósi og borin er virðing fyrir manngildium hvers og eins og tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Nemendur eru hvattir til að láta sínar skoðanir í ljós og tekur kennari tillit til og hlustar á. Unnið er að því að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Sköpun er tekin fyrir en lögð eru fyrir verkefni sem byggja á gagnrýnninni hugsun nemenda með aðferðum sem opna sýfellt nýja möguleika, mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið s.s. með skipulag og námsmat.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu réttindum og skyldum launþega og verktaka • Almennum sparnaði, lífeyrisréttindum og viðbótarlífeyrissparnaði • Ýmsum skattgreiðslum og skatttekjum og útgjöldum hins opinbera • Hvað kostar að vera unglingur í dag, reka bíl og hvað þarf að huga að við kaup á eignum • Gengi gjaldmiðla, verðbólgu og hvernig verðbólga myndast og er mæld	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Reikna prósentur og fjármálaföll • Reikna álagningu, virðisaukaskatt og afslætti á vörum, afborganir, nafnvexti, raunvexti og verðbætur af lánum og gengismun erlendra gjaldmiðla • Færa almennt heimilisbókhald • Setja upp launaseðil og gera útreikninga þar að lútandi, svo sem lífeyrissjóð og staðgreiðslu skatta
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Geta lesið, greint, stjórnað og fjallað um fjárhagslega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð einstaklinga • Setja sér markmið í fjármálum og skoða hvernig tekst að ná þeim • Afla sér frekari þekkingar um fjármál og geta nýtt sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna sem tengjast fjármálaviðfangsefnum • Hafa yfirsýn og stjórn á daglegum fjármálum með einfaldri áætlanagerð.	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Verkefni	8 klst.	8 klst.
Alls		105 klst. = 5 fein*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	1. Snjöll skref í fjármálum – Fjármál bls. 10 - 28.	Tímaverkefni 1
2. vika 24.-28. ágúst	1. Snjöll skref í fjármálum – Fjármál bls. 10 - 28.	Tímaverkefni 2
3. vika 31. ágúst-4. september	2. Snjöll skref í fjármálum – Uppruni verðmæta og ráðstöfun bls. 30 - 58.	
4. vika 7.-11. september	2. Snjöll skref í fjármálum – Uppruni verðmæta og ráðstöfun bls. 30 - 58.	Tímaverkefni 3
5. vika 14.-18. september	2. Snjöll skref í fjármálum – Uppruni verðmæta og ráðstöfun bls. 30 - 58.	Tímaverkefni 4
6. vika 21.-25. september	3. Snjöll skref í fjármálum – Eignir og sparnaður bls. 60 - 88.	Stöðupróf 1
7. vika 28. september-2. október	3. Snjöll skref í fjármálum – Eignir og sparnaður bls. 60 - 88.	Tímaverkefni 5
8. vika 5.-9. október	3. Snjöll skref í fjármálum – Eignir og sparnaður bls. 60 - 88.	Tímaverkefni 6
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	3. Snjöll skref í fjármálum – Eignir og sparnaður bls. 60 - 88.	
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	4. Snjöll skref í fjármálum – Lán og skuldi bls. 90- 112.	Tímaverkefni 7
11. vika 26.-30. Október Vetrarleyfi 26. október	4. Snjöll skref í fjármálum – Lán og skuldi bls. 90- 112.	Tímaverkefni 8
12. vika 2.-6. nóvember	4. Snjöll skref í fjármálum – Lán og skuldi bls. 90- 112.	Tímaverkefni 9
13. vika 9.-13. nóvember	4. Snjöll skref í fjármálum – Lán og skuldi bls. 90- 112.	Stöðupróf 2
14. vika 16.-20. nóvember	5. Snjöll skref í fjármálum – Nokkur hollráð bls. 114 - 133.	Tímaverkefni 10
15. vika 23.-27. nóvember Dimissio 27. nóvember	5. Farsæl skref í fjármálum – Stórar fjárhagslegar ákvarðanir bls. 88-108. 6. Snjöll skref í fjármálum – Lífið er framundan bls. 134-138.	Stöðupróf 3
16. vika 30. nóvember-4. desember	Endurtekta- og sjúkrapróf	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

S. Hilmar Guðjónsson